



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 2. desember 2003

Bæjarstjórn Blönduóss kom saman til 35. fundar þriðjudaginn 2. desember 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 64. fundar bæjarráðs frá 20. nóvember.
2. Fundargerð 65. fundar bæjarráðs frá 25. nóvember.
3. Fundargerð 66. fundar bæjarráðs frá 27. nóvember.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. nóvember.
5. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21. nóvember.
6. Fundargerð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefndar frá 25. nóvember.
7. Fundargerð fræðslu,- íþrótt- og tómstundanefndar frá 26. nóvember.
8. Fundargerð húsnaðisnefndar frá 26. nóvember.
9. Fundargerð hafnar- og veitunefndar frá 26. nóvember.
10. Atvinnumál: Erindi frá starfshópi um byggingu iðnaðarhúsnaðis á Blönduósi.
11. Skipulagsbreytingar hjá RARIK vegna innleiðingar nýrra raforkulaga.
12. Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2004, fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 64. fundar bæjarráðs frá 20. nóvember kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerð borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 65. fundar bæjarráðs frá 25. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Fundargerð 66. fundar bæjarráðs frá 27. nóvember kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu.
Fram kom tillaga um breytingu, samþykkt bæjarráðs um málefni Háubrekku ehf. í lið 8, önnur mál. Greinin hljóði svo. “Bæjarráð samþykkir að Blönduóssbær kaupir rekstur og efnahag Háubrekku ehf. frá og með 1. janúar 2003. Bæjarstjóra falið að ganga frá formsatriðum.” Bæjarstjórn samþykkti breytinguna með 7 atkvæðum samhljóða.
Þá samþykkti bæjarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða að fresta afgreiðslu erindis Gunnars Þórs Gunnarssonar til næsta bæjarstjórnarfundar. Fundargerðin borin upp með áorðnum breytingum, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Auðunn Steinn situr hjá við afgreiðslu 8. liðar c. vegna skyldleika við málsaðila.
4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 18. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði og hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
5. Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp, hún var samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.

6. Fundargerð fræðslu,- íþróttá- og tómstundanevndar frá 25. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Umræður urðu um fundargerðina, að þeim loknum var hún borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
7. Fundargerð fræðslu,- íþróttá- og tómstundanevndar frá 26. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
8. Fundargerð húsnæðisnevndar frá 26. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
9. Fundargerð hafnar- og veitunefndar frá 26. nóvember kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
10. Atvinnumál: Erindi frá starfshópi um byggingu iðnaðarhúsnæðis á Blönduósi. Svohljóðandi tillaga var lögð fram.
“Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir erindi starfshóps um byggingu iðnaðarhúss á Blönduósi um fyrirheit um hlutafé að upphæð 7 milljónir króna, til hins óstofnaða hlutafélags. Framlagið verði greitt á árunum 2004 og 2005 enda nái þau áform fram að ganga sem koma fram í erindi starfshópsins.”
Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
11. Skipulagsbreytingar hjá RARIK vegna innleiðingar nýrra raforkulaga. Fram var lögð svohljóðandi tillaga.
“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar mótmælir harðlega boðuðum skipulagsbreytingum RARIK sem bera það með sér að verulaga er dregið úr vægi 25 ára starfssemi RARIK á Blönduósi. Í ljósi veikrar stöðu atvinnumála á Norðurlandi vestra telur bæjarstjórn það óásættanlegt að samfélagið beri skarðan hlut frá borði í þessum skipulagsbreytingum. Þeim eindregnu tilmælum er hér með beint til iðnaðarráðherra og stjórnar RARIK að skipulag þetta verði endurskoðað m.t.t. þess að á Blönduósi verði stjórnstöð á sviði dreifiveitna, sambærilegt og á Stykkishólmi, Akureyri, Egilsstöðum og Hvolsvelli.”
Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
12. Fjárhagasáætlun Blönduóssbæjar 2004, fyrirtæki og stofnanir – fyrri umræða. Jóna Fanney bæjarstjóri fór yfir áætlanirnar og skýrði einstaka liði ásamt Ólöfu Pálmadóttur sviðstjóra fjármálasviðs. Að yfirferð og umræðum um áætlanirnar loknum, samþykkir bæjarstjórn að vísa þeim til annarar og síðari umræðu, er fram fari á fundi bæjarstjórnar þann 16. desember næstkomandi.

Bæjarstjórn felur bæjarráði og bæjarstjóra að leita samninga og ganga frá lánsfjármögnun allt að eitthundrað og fjörutíu milljónir króna. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:25.

Jóna Fanney Friðriksdóttir
Auðunn Sigurðsson
Valgarður Hilmarsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Hjördís Blöndal

Ragnar Ingi Tómasson
Valdimar Guðmannsson
Þórdís Hjálmarsdóttir
Ágúst Þór Bragason